

Fyrirhugað yfirtökutilboð í hlutabréf Eikar hf.

Þann 23. ágúst 2024 keypti Langisjór ehf. kt. 691205-2070 („**tilboðsgjafi**“) 6.000.000 hlutabréf í Eik fasteignafélagi hf., kt. 590902-3730 („**Eik**“) á markaði og 442.000.000 bréf af Brimgörðum ehf. og fer tilboðsgjafi, og aðilar sem tilboðsgjafi telst vera í samstarfi við sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 („**yfirtökulög**“), nú sameiginlega með 1.029.061.237 hluta, eða sem nemur 30,06% atkvæðisréttar í Eik.

Þar sem tilboðsgjafi og neðangreindir samstarfsaðilar hafa sameiginlega eignast meira en 30% atkvæðisrétt í Eik hefur myndast tilboðsskylda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 100. gr. yfirtökulaga. Mun öllum hluthöfum Eikar því gert yfirtökutilboð innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessarar tilkynningar, til samræmis við X. kafla yfirtökulaga.

Fyrirhugað tilboðsverð ákvarðast í samræmi við 2. mgr. 103. gr. yfirtökulaga og fyrirhugað er að það muni hljóða upp á 11 kr. á hlut, sem mun greiðast með reiðufé.

Samstarfsaðilar tilboðsgjafa skv. 3. mgr. 100. gr. laga um yfirtökur teljast vera (i) Síldarbein ehf., kt. 610621-1980, sem fer með 17.446.234 hluti í Eik, og (ii) Brimgarðar ehf. kt. 591103-2610, en ásamt Síldarbeini og Langasjó sameiginlega nefnd („**samstarfsaðilar**“), sem fer með 563.615.003 hluti í Eik.

Arion banki hf., kt. 581008-0150 hefur verið ráðinn sem umsjónaraðili með yfirtökutilboðinu.

Nánari upplýsingar um tilboðið munu koma fram í tilboðsyfirliti samkvæmt XI. kafla yfirtökulaga sem birt verður innan fjögurra vikna, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Þór Gíslason, framkvæmdastjóri tilboðsgjafa; gunnar@langisjor.com